

3. fundur umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar haldinn á skrifstofu

Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, þriðjudaginn 21. september 2010 kl. 12:00

Mætt: Jóhanna Helgadóttir formaður, sem ritaði fundargerð á tölvu, Steinunn Leósdóttir, Jósteynn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson, Ólafur Björn Sveinsson. Einnig sat fundinn Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Breyting á lóðarstaðsetningu á Sauðanesi, sjá fund USB 20. ágúst s.l.

Óskað er eftir að áður samþykkt staðsetning lóðar verði færð um 50 metra í suður (í átt að kirkjunni) að ósk ábúenda. Er það m.a. vegna staðsetningu á raflínu þvert yfir túnið þar sem nýbygging á að rísa.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál.

Umhverfismál á Bakkafirði rædd. Samþykkt að taka þau mál til athugunar.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp, samþykkt samhljóða. Fundi slitið kl. 12:50